



BRENNU-NJÁLS SAGA

FYRRI HLUTI

Endursögn Brynhildar Þórarinsdóttur
Myndskreytingar Halldór Baldursson

TIL NEMANDA

Þessi bók er eign skólans þíns og þú hefur hana að láni. Bækur eru dýrar og því mikilvægt að farið sé vel með þær. Gættu þess að skrifa ekki í þessa bók.

Skóli		Bók nr.		
		Tekin í notkun		
Nemandi/bekkur	Útlán dags.	Ástand	Skil dags.	Ástand

1) Nafn nemanda skal greinilega skrifað í línurnar hér að ofan.
2) Ástandi bókar við útlán og skil skal lýst þannig:
N: ný bók, G: gott, S: sæmilegt, L: lélegt.



BRENNU-NJÁLS SAGA FYRRI HLUTI

HALLGERÐAR SAGA OG GUNNARS



Endursögn Brynhildar Þórarinsdóttur
Myndskreytingar Halldór Baldursson



MENNTAMÁLASTOFNUN

Brennu-Njáls saga – fyrri hluti

Hallgerðar saga og Gunnars

ISBN 978-9979-0-2163-6

© 2015 endursögn: Brynhildur Þórarinsdóttir

© 2015 teikningar: Halldór Baldursson

Ritstjóri: Sigríður Wöhler

Faglegur yfirlestur: Baldur Sigurðsson dósent í íslensku

á Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Málfarsyfirlestur: Ingólfur Steinsson

1. útgáfa 2015

MENNTAMÁLASTOFNUN

Kópavogi

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfundar og útgefanda.

Hönnun og umbrot: Námsgagnastofnun

Prentun: Oddi ehf, umhverfisvottuð prentsmiðja

EFNISYFIRLIT

Persónur	4
Brennu-Njáls saga	7
Meira um söguna	58






PERSÓNUR

Hrútur Herjólfsson

einn vitringanna í sögunni, getur séð fram í tímann. Elskhugi Gunnhildar drottningar í Noregi en hvers konar álög leggur hún á hann?

Hallgerður langbrók

fögur, hárprúð og leggjálöng og hættulega skapheit. Af hverju ætli Hrútur frændi sjái þjófsaugu í henni þegar hún er lítil?



Gunnar á Hlíðarenda

aðalhetjan, myndarlegur, hugrakkur og flinkur að berjast. En hvers vegna vill hann fá hárlokk frá Hallgerði sinni?



Njáll á Bergþórshvoli

besti vinur Gunnars, vitur, forspár og ráðagóður. Hvað gerist þegar Gunnar fer ekki að ráðum hans?



Bergþóra Skarphéðinsdóttir

eiginkona Njáls, skapmikil en vænsta kona. Hvernig skyldi þeim Hallgerði koma saman?

Sámur

klárasti hundur í heimi, hefur mannsvit og geltir bara að óvinum. Hvað á Gunnar við með að stutt verði á milli þeirra?



Þorgeirarnir

sóknardúettinn í óvinasveit Gunnars, eiga báðir harma að hefna en hvor þeirra skyldi enda á atgeir ofan í Rangá?





BRENNU-NJÁLS SAGA

FYRRI HLUTI

HALLGERÐAR SAGA OG GUNNARS

Vestur í Breiðarfjarðardölum bjuggu tveir bræður og voru þeir sammæðra. Höskuldur Dala-Kollsson bjó á Höskuldsstöðum í Laxárdal en Hrútur Herjólfsson á Hrútsstöðum. Hrútur var mikill og sterkur, vel vígur og hógvær í skapi, manna vitrastur og ráðagóður. Hann var ókvæntur.

Höskuldur átti dóttur sem hét Hallgerður. Hún var fríð sýnum og mikil vexti og hárið fagurt sem silki og svo mikið að það náði niður á belti. Það var einhverju sinni að Höskuldur hafði vinaboð og sat Hrútur hjá honum en Hallgerður lék sér á gólfinu með öðrum meyjum. Höskuldur spurði bróður sinn hvort honum þætti hún ekki fögur. Hrútur svaraði: „Mærin er afar fögur og munu margir gjalda þess. En ekki veit ég hvaðan þjófsaugu eru komin í ættir okkar.“ Þá reiddist Höskuldur og ræddust þeir bræður lítið við um hríð.

Eitt sinn riðu þeir bræður saman til Alþingis og voru þá orðnir sáttir. Á leiðinni lagði Höskuldur til að Hrútur bæði Unnar dóttur Marðar gígju á Rangárvöllum. Hún var væn kona og kurteis og þótti

besti kvenkostur á Rangárvöllum. Hrúti leist vel á það og ræddu þeir við föður hennar á þinginu. Svo fór að Mörður fastnaði Hrúti dóttur sína og boðaði til brúðkaups síðar um sumarið.

Á heimleiðinni frétti Hrútur að hálfbróðir hans, samfeðra, hefði látist í Noregi og leitt hann til arfs. Um mikið fé væri að ræða sem aðrir myndu hirða ef hann kæmi ekki til Noregs. Hrútur sneri þá við og reið til Rangárvalla og fékk Mörð til að fresta brúðkaupinu um þrjú ár.

Hrútur sigldi til Noregs og fór austur til Víkur þar sem konungurinn hafði aðsetur. Haraldur gráfeldur réð þá yfir Noregi og var Gunnhildur móðir hans með honum. Gunnhildur þekkti til Hrúts og vissi hvert erindi hans var. Hún kom honum fram við konunginn sem lofaði honum hirðvist.

Gunnhildur lét fylgja Hrúti og félögum hans til steinhallar sinnar. Síðan settist hún hjá Hrúti og drukku þau. Og um kvöldið sagði hún: „Þú skalt sofa í loftinu hjá mér í nótt, við tvö saman.“

„Þú skalt ráða,“ sagði hann.

Síðan gengu þau til svefns og læsti hún loftinu að innan. Um morguninn fóru þau til drykkju og gekk svo í hálfan mánuð. Gunnhildur hótaði að drepa hvern þann sem segði frá þessu.

Hrútur dvaldi við hirðina um veturinn en þegar voraði vildi hann heimta arf sinn. Sóti, sá sem varðveitti arfinn, var þá farinn til Danmerkur og gáfu Gunnhildur og konungur Hrúti herskip til að leita hans. Hrútur sigldi til Danmerkur með mikið lið og lenti í harðri orrustu við ræningja á Eyrarsundi. Sóta fann hann ekki þar sem hann hafði siglt aftur til Noregs. Þar náði Gunnhildur honum og lét drepa hann.

Um haustið sneri Hrútur til baka með fúlgur fjár og fleiri skip. Gunnhildur afhenti honum þá arfinn en Hrútur þakkaði vel fyrir og gaf henni helming á við sig.

Þegar voraði gerðist Hrútur mjög hljóður og játaði fyrir Gunnhildi að hann vildi fara til Íslands.

„Átt þú konu þar?“ spurði Gunnhildur.

Hrútur neitaði því.

„Það hef ég þó fyrir satt,“ sagði Gunnhildur.

Síðan hættu þau talinu.

Hrútur fékk leyfi konungs til að fara til Íslands. Þegar hann var ferðbúinn leiddi Gunnhildur hann á eintal og spennti gullhring á hönd honum. Hún tók um háls hans og kyssti hann og mælti: „Ef ég hef jafn mikið vald á þér og ég held þá legg ég þau álög á þig að þú getir engri munúð komið fram við þá



konu sem þú ætlar að giftast á Íslandi en þú munir geta notið ásta með öðrum konum.“


Hrútur hló að þessu og gekk burt. Síðan kvaddi hann konung og sigldi heim til Íslands.

Sex vikum síðar var brúðkaup þeirra Unnar haldið á Rangárvöllum.

Mörður greiddi heimanmund dóttur sinnar og reið hún vestur með Hrúti. Hrútur fékk henni öll ráð í hendur innandyra og líkaði öllum það vel. En aldrei gat hann sofið hjá henni, hvernig sem hann reyndi. Vandinn varð sífellt verri og á endanum gafst Unnur upp. Hún reið til þings þegar Hrútur var að heiman, fann föður sinn og sagðist vilja

skilja við Hrút sökum þess að hann gæti ekki notið ásta með henni. Mörður ráðlagði henni að strjúka að heiman vorið eftir. Það gerði hún og fór aldrei aftur vestur.


Hrúti brá mjög yfir hvarfi Unnar. Sumarið eftir reið hann til þings og Höskuldur með honum og fjölmenntu þeir mjög. Mörður gekk þá til Lögbergs og krafði Hrút um heimanmund Unnar en Hrútur svaraði með því að skora hann á hólmi. Mörður lagði ekki í bardaga og hafði hina mestu svívirðu af en Hrútur hélt eftir fénu.



Hallgerður Höskuldsdóttir vex upp, kvenna fríðust sýnum og hávaxin og því var hún kölluð langbrók. Hár hennar var fagurt og svo mikið að hún gat hulið sig með því. Hún var örlynd og skaphörð. Fóstri hennar hét Þjóstólfur. Hann hafði drepit marga menn en aldrei greitt bætur fyrir. Sagt var að hann væri engu skapbetri en Hallgerður.

Þorvaldur Ósvífursson var auðugur að fé, styrkur maður og kurteis en bráður í skapi. Hann bjó á Meðalfellsströnd undir Felli en átti einnig Bjarneyjar á Breiðafirði. Þorvaldur reið til Höskuldsstaða og bað Hallgerðar og samdi Höskuldur við hann um ráðahaginn án þess að spyrja dóttur sína. Hallgerður reiddist föður sínum mjög og leitaði til föstra síns. Þjóstólfur sagði henni að hafa ekki áhyggjur og spáði því að hún yrði gift í annað sinn og þá yrði hún spurð.

Brúðkaupið var haldið að Höskuldsstöðum en að því búnu fór Hallgerður heim með Þorvaldi og hafði Þjóstólf með sér. Hún var þá fimmtán vetra. Hallgerður tók við stjórninni innanhúss og eyddi eins og henni sýndist. Er voraði skorti bæði mjöl og skreið. Þorvaldur brást illa við en Hallgerður svaraði fyrir sig og sakaði hann um nísku. Þá reiddist Þorvaldur og sló hana í andlitið svo að



blæddi. Að því búnu reri hann út í Bjarneyjar eftir vistum.

Þjóstólfur kom að Hallgerði og sá að hún var særð. Hún sagði að Þorvaldi væri um að kenna. „Ég skal hefna þessa,“ sagði Þjóstólfur. Hann reri á eftir Þorvaldi og hjó hann til bana og sökkti bæði skútunni og líkinu. Síðan fór hann heim til Hallgerðar með blóðuga öxina og mælti: „Nú hef ég séð til þess að þú verðir gift í annað sinn.“

Hallgerður kom Þjóstólfi undan áður en hún reið til föður síns með tíðindin. Þegar faðir Þorvaldar krafðist bóta viðurkenndi Höskuldur sekt hennar og greiddi veglegar bætur en Hrutur gaf honum skikkju að auki. Voru þeir þá sáttir.

Hallgerður flutti nú heim til Höskuldsstaða og fékk Þjóstólf til sín. Hún var orðin auðug að fé.



Glúmur hét maður og var Óleifsson, hann bjó að Varmalæk í Borgarfirði. Glúmur var mikill vexti, sterkur og fríður. Hann reið til Höskuldsstaða og bað Hallgerðar. Höskuldur og Hrutur ræddu við hann um kaupin en nú sögðu þeir að Hallgerður yrði sjálf að ráða. Henni leist vel á Glúm en vildi heyra skilyrðin. Glúmur sagði henni þá allan skildaga og það með að

Þjóstólfur færi ekki með þeim og fengi aldrei að vera lengur en þrjár nætur hjá þeim. Ef hann væri lengur mætti drepa hann. Hallgerður gekk að þessu og samþykkti að giftast Glúmi.

Höskuldur hélt fjölmenna brúðkaupsveislu. Eftir veisluna reið Hallgerður til Varmalækjar með Glúmi en Þjóstólfur varð eftir á Höskuldsstöðum. Hún var þá sautján vetra. Glúmur spurði hvort hún vildi taka við búráðum en hún hafnaði því. Hún sat mjög á sér um veturinn og líkaði fólki ekki illa við hana. Hallgerði og Glúmi samdi vel og næsta sumar fæddi hún dóttur sem fékk nafnið Þorgerður.

Nokkrum árum síðar var Þjóstólfur rekinn af Höskuldsstöðum og leitaði hann til Hallgerðar. Hún lagði þá hendur um hálsinn á Glúmi og bað hann að



leyfa Þjóstólfi að dvelja hjá þeim og lét Glúmur það eftir henni.

Glúmi gekk illa að fá Þjóstólf til að vinna. Eitt haustið gekk Þjóstólfur fram af honum með leti og skætingi. Glúmur reiddist og krafðist þess að Þjóstólfur færi af bænum en Hallgerður varði hann og kom til nokkurra orðaskipta. Að endingu sló Glúmur til hennar og mælti: „Ég deili ekki við þig lengur,“ og gekk burt.

Hallgerður unni honum mikið og grét hástöfum. Þjóstólfur kom að henni og þótti hún sárt leikin.

„Ekki skaltu hefna þessa,“ sagði hún.

Hann gekk burt og glotti við.

Skömmu síðar fór Þjóstólfur með Glúmi til fjalla að leita sauða. Þar kom til átaka milli þeirra sem lauk með því að Þjóstólfur hjó Glúm til bana. Þjóstólfur gekk heim til Varmalækjar með blóðuga öxina og kastaði til Hallgerðar gullhring sem Glúmur hafði átt. Hallgerður spurði hví öxin væri blóðug og sagðist Þjóstólfur þá hafa vegið Glúm. Hallgerður hló að og sendi hann til Hrúts frænda síns.

Þjóstólfur sagði Hrúti frá víginu og að Hallgerður hefði sent sig.

„Ekki er þetta þá af hennar völdum,“ sagði Hrútur og hjó hann til bana.

Höskuldi þótti mikill skaði að missa tengdason sinn en þakkaði Hrúti fyrir að drepa Þjóstólf. Skömmu síðar leitaði bróðir Glúms til Höskuldar og fór fram á bætur. Í þetta sinn var Hallgerður saklaus svo að Höskuldur greiddi engar bætur en þeir Hrútur gáfu honum þó góðar gjafir og skildu þeir sáttir.



Gunnar Hámundarson bjó að Hlíðarenda í Fljótshlíð. Hann var náfrændi Unnar Marðardóttur. Gunnar var mikill maður vexti og sterkur og allra manna best vígur. Hann hjó með báðum höndum og skaut ef hann vildi og vó svo skjótt með sverði að þrjú sýndust á lofti. Hann skaut manna best af boga og hæfði allt sem hann skaut á. Hann stökk meira en hæð sína í loft upp í öllum herklæðum og eigi skemmra aftur á bak en áfram. Hann var syndur sem selur. Sagt var að enginn væri hans jafningi. Gunnar var laglegur og ljóslitaður,



bláeygur og rjóður í kinnum, hárið mikið, gult og fót vel. Hann var manna kurteisastur, harðger í öllu, góðviljaður og traustur vinur. Hann var vel auðugur. Bræður Gunnars hétu Kolskeggur og Hjörtur. Kolskeggur var mikill maður og sterkur og fylgdi Gunnari í öllu en Hjörtur var nokkuð yngri.

Njáll Þorgeirsson var mikill vinur Gunnars, hann bjó að Bergþórshvoli í Landeyjum. Njáll var auðugur að fé og vænn maður yfirlits en þó óx honum ekki skegg. Njáll var svo mikill lögmaður að enginn jafnaðist á við hann. Hann var vitur og forspár, ráðagóður, hógvær og drenglyndur. Hann leysti vandræði allra sem leituðu til hans. Kona Njáls hét Bergþóra Skarphéðinsdóttir, hún var kvenskörungur mikill og drengur góður en nokkuð skaphörð. Þau áttu sex börn og koma synirnir Skarphéðinn, Helgi og Grímur allir við sögu.

Mörður gígja var nú látinn og hafði Unnur dóttir hans erfitt allt hans fé. Hún var örlát og óforsjál og eyddi lausafénu hratt. Unnur leitaði til Gunnars frænda síns og bað hann að heimta féð af Hrúti sem hún hefði átt að fá við skilnaðinn. Réttur hennar var þó ekki mikill því hún hafði strokið að heiman. Með ráðum Njáls fékk Gunnar mál Unnar tekið upp á Alþingi. Hrútur fann vörn í málinu og

greip Gunnar þá til þess ráðs að skora hann á hólm. Höskuldur ráðlagði Hrúti að berjast ekki og greiddu þeir bræður nauðugir út hlut Unnar.

Gunnar hafði hina mestu sæmd af málinu. Hann þáði ekki fé fyrir verk sitt en sagðist nú eiga Unni og frændur hennar að. Hún tók undir það.



Skömmu síðar bað Valgarður hinn grái Unnar og giftist hún honum án þess að leita ráða hjá frændum sínum. Það þótti Gunnari slæmt því Valgarður var undirföruull og óvinsæll. Unnur og Valgarður eignuðust son sem Mörður hét. Þegar hann eltist var honum illa við móðurfrændur sína, einkum Gunnar.



Á þessum árum dvöldu norskar áhafnir oft á Íslandi yfir veturinn og fengu þá vist á bæjum. Eitt sinn sigldi Hallvarður hvíti skipi sínu til Íslands og fékk veturvist á Hlíðarenda. Þeir Gunnar urðu miklir vinir og lagði Hallvarður hart að Gunnari að sigla með sér út. Um vorið héldu Gunnar og Kolskeggur með Hallvarði til Noregs. Haraldur

gráfeldur og Gunnhildur móðir hans voru þá fallin frá en Hákon jarl Sigurðarson tekinn við völdum. Gunnar vildi reyna sig í hernaði og fékk Hallvarð og Kolskegg með sér. Þeir sigldu víða og höfðu sigur hvar sem þeir börðust og tóku mikið herfang. Í einum bardaganum eignaðist Gunnar magnað vopn. Það var atgeir sem var þeirrar náttúru að í honum söng þegar mannvíg var í vændum.

Þeir félagar sigldu aftur til Norðurlanda með mikið fé og komu fyrst til Danmerkur. Gunnar dvaldi hálfan mánuð með Haraldi konungi Gormssyni og gaf konungur honum tignarklæði sín að skilnaði. Frá Danmörku sigldu þeir á fund Hákonar jarls í Noregi. Gunnar dvaldi með jarlinum um veturinn og fékk frá honum gullhring um jólin.

Snemma sumars sigldu Gunnar og Kolskeggur til Íslands með mikið fé. Skömmu eftir að þeir komu heim var Alþingi sett á Þingvöllum. Þeir bræður riðu til þings og voru svo ríkmannlega búnir að allur þingheimur undraðist. Margir komu í tjaldbúð Rangæinga að ræða við Gunnar. Hann var léttur og kátur við alla menn.

Einn þingdaginn sá Gunnar nokkrar konur ganga á móti sér og voru þær vel búnar. Sú sem



fremst gekk var glæsilegust. Hún heilsaði Gunnari og tók hann kveðju hennar vel og spurði hver hún væri. Hún nefndist Hallgerður og kvaðst vera dóttir Höskulds Dala-Kollssonar. Hallgerður mælti djarflega til Gunnars og bað hann segja sér frá ferðum sínum. Þau settust niður og töluðu saman.

Hallgerður var í rauðum kyrtli og hafði yfir sér skarlatsskikkju. Hárið var bæði mikið og fagurt. Gunnar var í tignarklæðunum frá Haraldi



Danakonungi og hafði hringinn frá Hákon jarli á hendi. Þau töluðu lengi hátt. Þar kom að Gunnar spurði hvort hún væri ógefin. Hallgerður sagði að svo væri.

„Hverju muntu svara ef ég bið þín?“ segir Gunnar.

„Ef þér er nokkur hugur á,“ segir hún, „skaltu finna föður minn.“

Gunnar fór til búðar Dalamanna og sagðist vilja biðja Hallgerðar. Höskuldur tók vel í það en Hrútur

varaði Gunnar við. „Ég veit að þetta er girndarráð hjá ykkur báðum og þið takið sjálf mestu áhættuna,“ sagði hann. Hrútur sagði Gunnari allt um skapferði Hallgerðar og þótti Gunnari fyrst ærið margt að en um síðir náðu þeir saman um kaupmála. Þá var sent eftir Hallgerði og ákveðið að brúðkaup yrði síðar um sumarið að Hlíðarenda.

Gunnar reið heim af þingi og sagði Njáli frá kaupunum. Njáll tók fréttunum þungt og mælti: „Af henni mun standa allt hið illa er hún kemur austur hingað.“

„Aldrei skal hún spilla vinfengi okkar,“ segir Gunnar.

„Það mun þó nærri gerast,“ segir Njáll, „en þú munt þó jafnan bæta fyrir hana.“

Gunnar hélt mikla brúðkaupsveislu á Hlíðarenda og var mörgum fyrirmennum boðið. Skipað var til sætis að vanda og sat Gunnar á miðjum bekk og hafði Þráin Sigfússon frænda sinn á aðra hönd en Njál til hinnar. Höskuldur sat einnig á miðjum bekk og Hrútur við hlið hans. Brúðurin sat á miðjum palli en Þorgerður dóttir hennar til annarrar handar en Þórhalla Ásgrímsdóttir, eiginkona Helga Njálssonar, til hinnar. Þorgerður var þá fjórtán vetra og kvenna fríðust sýnum, hún líktist móður sinni mjög í útliti.

Práinn átti Þórhildi skáldkonu en unni henni lítið. Hún var mikill orðhákur og oft ósvífin í máli. Þórhildur bar mat á borð í veislunni en á meðan varð Práni starsýnt á Þorgerði dóttur Hallgerðar. Þetta sér Þórhildur og reiðist og kveður til hans illkvittna vísu um ágirnd hans á stúlkunni. Práinn sagði þegar í stað skilið við hana og lét reka hana úr veislunni. Þegar Þórhildur var farin bað Práinn um hönd Þorgerðar og var þá slegið upp tvöföldu brúðkaupi.

Að veislunni lokinni tók Hallgerður við búráðum að Hlíðarenda en Þorgerður reið heim með Práni og tók við búráðum að Grjótá og var góð húsfreyja.



Það var siðvenja þeirra Gunnars og Njál's á veturna að þiggja heimboð hvor hjá öðrum. Gunnar og Hallgerður ríða nú til Bergþórshvols og tók Njáll vel við þeim. Nokkru síðar komu Helgi Njálsson og Þórhalla kona hans heim. Bergþóra gekk að pallinum þar sem konur sátu og mælti til Hallgerðar: „Þú skalt víkja fyrir þessari konu.“

Hún svarar: „Ég mun ekki víkja því að engin vil ég hornkerling vera.“



„Ég skal hér ráða,“ segir Bergþóra.

Síðan settist Þórhalla niður.

Bergþóra gekk að borðinu með handlaugar.

Hallgerður tók í höndina á henni og mælti: „Ekki er mikill munur á ykkur Njáli. Þú hefur kartnögl á hverjum fingri en hann er skegglaus.“

„Satt er það,“ segir Bergþóra, „en hvorugt okkar gefur það öðru að sök. En ekki var Þorvaldur bóndi þinn skegglaus og réðst þú honum samt bana.“

Hallgerður svarar: „Það er mér lítils virði að eiga þann mann sem vaskastur er á Íslandi ef þú hefnir ekki þessara orða, Gunnar.“

Hann spratt upp og mælti: „Ég fer heim og er maklegast að þú deilir við heimamenn þína en ekki í annarra manna híbýlum.“

Þau riðu nú bæði heim og voru að Hlíðarenda

um veturinn.

Næsta sumar ríður Gunnar til þings. Hann bað Hallgerði að hafa sig hæga á meðan og sýna vinum hans engan fjandskap. „Tröll hafi þína vini,“ segir hún.

Þegar Gunnar var farinn kom Hallgerður að máli við Kol verkstjóra sinn. Hann var hið mesta illmenni. Hún fékk honum öxi og skipaði honum að drepa Svart, húskarl Bergþóru og Njáls, þar sem hann var að höggva skóg í Rauðaskriðum skammt frá Hlíðarenda. Síðan sendi hún mann til þings að segja Gunnari vígið.

Gunnar sagði Njáli tíðindin og bauð honum sjálfðæmi. „Erfitt verður fyrir þig að bæta öll slys Hallgerðar,“ sagði Njáll og dæmdi tólf aura silfurs sem Gunnar greiddi þegar í stað.

Hallgerður stærði sig jafnan af vígi Svarts. Bergþóru líkaði það illa og réð sér nýjan húskarl, hann hét Atli og þótti skapharður.

Leið nú að þingi á ný. Njáll reið til þings en eftir að hann var farinn skipaði Bergþóra Atla að vegna Kol. Atli rak Kol í gegn með spjóti og tilkynnti verk mönnum Hallgerðar að hann væri dauður.

Hallgerður kvaðst skyldu launa Atla. Hún sendi mann til þings að segja Gunnari vígið en



hann lét segja
Njáli tíðindin.
Njáll tók silfrið
og gekk til
búðar Gunnars
og bauð honum
sjálfðæmi.

Gunnar
dæmdi þá að
Kolur og Svartur

væru jafndýrir. Njáll rétti

honum silfrið og þekkti Gunnar það aftur.

Næsta vor sendi Hallgerður eftir Brynjólfi rósta frænda sínum, hann var hið mesta illmenni. Hún beið þar til Gunnar reið til þings en sendi þá Brynjólf að drepa Atla þar sem hann var að gera kol í Þórólfsfelli, ekki langt frá Hlíðarenda. Hallgerður lét bera Gunnari tíðindin og bauð hann Njáli sjálfðæmi eins og áður. Njáll dæmdi sér hundrað silfurs og greiddi Gunnar það strax.

Þórður leysingjason hafði fóstrað alla syni Njáls, hann var mikill maður og sterkur en hafði aldrei vegið mann. Enn leið að þingi og riðu Gunnar og Njáll báðir til Þingvalla. Bergþóra kom

þá að máli við Þórð og fól honum að drepa Brynjólf rósta. Þórður fór að vilja hennar og þakkaði Bergþóra honum vel fyrir. Hallgerður brást hins vegar illa við vígi frænda síns og hótaði því að mikið illt skyldi af því leiða.

Nú koma tíðindin til þings og lét Njáll segja sér þau þrisvar sinnum. „Fleiri gerast nú vígamenn en ég ætlaði,“ sagði hann loks og bauð Gunnari sjálfðæmi. Gunnar dæmdi þá hundrað silfurs sem Njáll greiddi strax og voru þeir sáttir.

Um haustið komu Sigmundur Lambason, frændi Gunnars og Skjöldur, sænskur félagi hans, til Hlíðarenda. Gunnar bauð þeim að vera um veturinn en varaði þá við að gegna konu sinni því hún tæki upp á mörgu sem væri fjarri vilja hans. Hallgerður gerði vel við Sigmund um veturinn og þótti mörgum það grunsamlegt. Þegar Gunnar reið til þings um sumarið kom ráðagerð hennar í ljós. Hún sendi Sigmund og Skjöld að drepa Þórð en fékk Þráin Sigfússon tengdason sinn til að vera þeim til stuðnings.

Þegar Gunnar frétti af víginu gekk hann til búðar Njáls og bauð honum sjálfðæmi. Njáll þáði það en spáði því að konu hans og sonum

myndi mislíka ef sæst yrði á vígið. Þó væri það þess virði til að halda vináttunni. Njáll dæmdi sér tvö hundruð silfurs og þótti Gunnari það ekki of mikið. Hann greiddi bæturnar þegar í stað.



Nokkrar farandkonur komu að Hlíðarenda, frá Bergþórshvoli. Hallgerður spurði þær hvað heimilisfólkið þar hefðist að.

„Stritaðist Njáll við að sitja,“ svöruðu þær.

„En hvað gerðu synir Njáls?“ spyr Hallgerður.

„Skarphéðinn brýndi öxi, Grímur setti skaft á spjót, Helgi festi hjalt á sverð, Höskuldur treysti handfang á skildi.“

„Þeir munu ætla til stórræða,“ segir Hallgerður.
„Hvað gerðu húskarlar Njáls?“

„Einn ók skarni á hólana svo að grasið sprytti betur þar en annars staðar,“ sögðu þær.

„Misvitur er Njáll,“ segir Hallgerður, „fyrst hann lét ekki aka skarni eða skít í skeggið á sér svo að hann yrði eins og aðrir karlmenn og köllum hann nú karl hinn skegglaus en syni hans taðskeggingla.“ Hallgerður fékk Sigmund til að yrkja níðvísur um viðurnefnin og varð af þessu mikil háreysti og hlátur.



Gunnar kom að í þessu. Hann hafði staðið frammi og heyrt allt. Þeim brá mjög er hann gekk inn og þögnuðu allir. Gunnar var afar reiður og spáði því að vísurnar myndu verða Sigmundi að bana.

Farandkonurnar fóru aftur til Bergþóru og sögðu henni hvað Hallgerður hefði haft til skemmtunar. Hún sagði Njáli og sonum sínum frá viðurnefnunum.

„Ekki höfum við kvenna skap,“ segir Skarphédinn, „að við reiðumst öllu.“

„Reiddist Gunnar þó fyrir ykkar hönd,“ segir hún, „og þykir hann skapgóður.“



Skarphéðinn glotti við en þó spratt sviti fram á enninu og rauðir flekkir í kinnum. Grímur var hljóður og beit á vörina. Helga brá ekki við. Bergþóra kom inn í annað sinn og hvatti bræðurna til hefnda.

Njáll minnti á að hefndin væri varasöm: „Kemst þó að seint fari húsfreyja,“ sagði hann. „Og fer svo um mörg mál að jafnan orkar tvímælis, að hefnt sé.“

Um kvöldið þegar Njáll var kominn í rekkju heyrði hann að öxi kom við þilið. Hann sá að skildir sem hangið höfðu á lokrekkju voru horfnir og spurði hver hefði tekið þá.

„Synir þínir gengu út með þá,“ segir Bergþóra.


Njáll flýtti sér út og sá að þeir stefndu upp á hvolinn. Hann spyr hvert þeir ætli. Skarphéðinn svarar: „Að leita sauða.“

Njáll snýr inn og segir við Bergþóru: „Þú munt

hafa eggjað þá til hefnda.“

„Ég mun þakka þeim vel fyrir ef þeir drepa Sigmund,“ svarar hún.

Njálssynir fóru upp til Fljótshlíðar og stýrði Skarphéðinn för. Þegar morgnaði sáu þeir Sigmund og Skjöld ríða burt frá Hlíðarenda og eltu þá uppi. Skarphéðinn kallaði til þeirra að vopnast. Sigmundur greip þá vopn sín og réðst á hann en Skjöldur sneri gegn Grími og Helga. Þeir börðust af ákafa en um síðir hjó Skarphéðinn höfuðið af Sigmundi en bræður hans felldu Skjöld. Smalamann Hallgerðar bar þar að. Skarphéðinn rétti honum höfuðið og bað hann að færa Hallgerði, hún myndi þekkja hvort það hefði kveðið níðvísur um þá.



Um leið og þeir voru farnir kastaði smalamaðurinn niður höfðinu og reið heim til Hallgerðar. Hún sagði Gunnari frá vígunum en hann sinnti því engu og mælti aldrei illa til Njálssona. Hallgerður minnti oft á að Sigmundur frændi hennar væri óbættur en Gunnar gaf ekki gaum að því. Nú liðu þrjú þing án þess að hann tæki málið upp. Þar kom að Njáll minnti Gunnar á að Sigmundur væri óbættur. Gunnar samþykkti þá

sjálfðæmi og dæmdi sér 200 silfurs fyrir Sigmund en lét Skjöld vera óbættan. Þeir Njáll mæltu báðir að aldrei skyldi nokkur hlutur verða sem þeir semdu ekki um sjálfir. Það gekk eftir og voru þeir jafnan vinir.



Nú er að kynna marga menn til sögunnar. Otkell Skarfason var nágranni Gunnars og auðugur að fé. Hann bjó í Kirkjubæ en sonur hans Þorgeir og bræður hans, Hallkell og Hallbjörn hvíti voru þar með honum. Hallbjörn hafði flutt með sér írskan þræl, heldur óvinsælan, sem Melkólfur hét, og gefið Otkatli. Skammkell hét maður, mikill vinur Otkels, vel stæður eins og hann en illgjarn og lyginn. Gissur hvíti á Mosfelli og Geir goði í Hlíð voru höfðingjar í héraðinu og til þeirra var leitað ef ná þurfti fram lögum í deilumálum. Þeir fylgdust að í hverju máli. Mörður Valgarðsson, frændi Gunnars, var einnig goði eða héraðshöfðingi, vel auðugur en slægur og illgjarn og heldur óvinsæll. Hann bjó á Hofi á Rangárvöllum. Unnur móðir hans var látin og öfundaði hann Gunnar mjög.

Eitt árið var mikið hallæri svo að skortur var um allar sveitir. Gunnar gaf mörgum hey og mat en svo kom að hann skorti hvort tveggja. Um vorið reið

Gunnar til Kirkjubæjar og sagðist vilja kaupa hey og mat af Otkatli. Otkell átti hvort tveggja til en neitaði að selja Gunnari en fékk hann til að kaupa þrælinn Melkólf í staðinn.

Er leið að þingi um sumarið gisti fjölmenni mikið að Hlíðarenda sem átti langa leið á Þingvelli. Gunnar bauð öllum mat og gistingu aftur á heimleiðinni, þó að hratt hefði gengið á forðann. Gunnar ríður nú til þings en Hallgerður varð eftir og bjó sig undir komu gestanna. Hún skipaði Melkólfi að fara aftur í Kirkjubæ og stela mat á tvo hesta, bæði smjöri og osti, en leggja síðan eld í útibúrið til að þjófnaðurinn



uppgötvaðist ekki.

Melkólfur gerði eins og honum var sagt en á leiðinni heim tapar hann hníf sínum og belti á bakka Rangár. Nú ríða menn af þingi og komu margir heim með Gunnari. Hallgerður bar mat á borð og bar fram bæði ost og smjör. Gunnar vissi að þau áttu ekki slíkan mat og spurði hvaðan hann kæmi.

„Þaðan sem þú mátt vel éta,“ segir hún, „enda er það ekki karla að annast um matreiðslu.“

Gunnar reiddist og mælti: „Illt er ef ég er þjófsnautur“ og sló hana kinnhesti.

Hún kvaðst skyldu muna þann hest og launa ef hún gæti.

Nokkru síðar fundust hnífur og belti Melkólfs og þekkti Otkell gripina. Otkel fór nú að gruna að eldurinn hefði kviknað af mannavöldum. Hann leitaði til Marðar Valgarðssonar sem náði að sýna fram á að osturinn á Hlíðarenda hefði komið frá Kirkjubæ. Brátt varð alræmt að Hallgerður hefði



stolið mat og valdið hinum mikla skaða í Kirkjubæ.

Gunnar reið til Otkels og bauð honum veglegar bætur eða sjálfðæmi. Að ráði Skammkels hafnaði Otkell boðinu og sagðist vilja leita ráða hjá Gissuri hvíta og Geir goða. Gunnar mælti: „Það munu sumir menn mæla að þú kunnir ekki að sjá sóma þinn fyrst þú vilt ekki þessa kosti.“

Skammkell bauðst til að fara til Gissurar og Geirs og bera málið undir þá. Þegar hann kom til baka laug hann því að þeir hefðu ráðlagt Otkatli að stefna Hallgerði og Gunnari og fór Otkell að þessum ráðum.

Gunnar brást reiður við stefnunni en Njáll spáði því að málið yrði honum til mestu sæmdar. Þeir riðu nú allir saman til þings, Gunnar og heimamenn hans og Njáll og synir hans. Þegar Gissur hvíti áttaði sig á lygum Skammkels sá hann til þess að Gunnari var boðið sjálfðæmi á þinginu. Gunnar dæmdi þá að hann skyldi borga andvirði útibúrsins og matarins og að Otkell skyldi fá þrælinn til baka. Á móti mat Gunnar það hins vegar svo að Otkell hefði stefnt honum til háðungar og dæmdi sér bætur fyrir það, jafnháar bótunum fyrir matinn og búið.

Otkell hafði því ekkert upp úr krafsinu nema þrælinn en Gunnar hafði mikla sæmd af málinu. Hann situr nú á Hlíðarenda og er nú kyrrt um hrið.



Eitt sinn fór Gunnar einn út á akur sinn og sáði korni. Otkell var á ferð skammt þar frá ásamt Skammkatli og bræðrum sínum. Þeir voru átta saman. Skyndilega fældist hestur Otkels og hljóp upp til Fljótshlíðar að sáðlandi Gunnars. Otkell réð ekkert við hestinn og sáu þeir Gunnar ekki hvor annan.

Um leið og Gunnar stendur upp ríður Otkell á hann og rekur sporann við eyrað á honum og ristir hann djúpu sári svo blæðir mikið.

Félagar Otkels riðu þar að. „Þið getið allir séð að þú hefur blóðgað mig,“ segir Gunnar. „Fyrst



stefnir þú mér en nú treður þú mig undir fótum og ríður á mig.“

Skammkell hæddist að þessu en Gunnar svaraði: „Næst þegar við hittumst skaltu sjá atgeirinn.“

Nokkrum dögum síðar kom smalamaður Gunnars til hans og sagðist hafa séð átta menn á ferð við Markarfljót og þekkti Gunnar Otkel og féлага af lýsingu hans. Sveinninn sagði að Skammkell bæri út þá sögu að Gunnar hefði grátið þegar Otkell reið á hann.

Gunnar sagði ekkert en tók smalahestinn og lagði söðul sinn á hann. Hann tók skjöld sinn og gyrti sig sverði, setti hjálm á höfuð sér, tók atgeirinn og söng í honum hátt og heyrði Rannveig móðir hans það.

Gunnar reið á braut en Rannveig gekk til stofu, þar var háreysti mikil. „Þið hafið hátt,“ segir hún, „en þó heyrðist hærra í atgeirnum þegar Gunnar gekk út.“

„Pað er gott,“ segir Hallgerður, „nú munu þeir reyna hvort hann gengur grátandi undan þeim.“

Kolskeggur tók þá vopn sín og hest og reið á eftir Gunnari, eins hratt og hann gat.

Gunnar reið í átt að Otkatli og mönnum hans

og mætti þeim við Rangá. Hann kallaði til þeirra: „Nú er að verja sig, hér er atgeirinn. Nú skuluð þið finna hvort ég græt undan ykkur.“


Þeir sóttu að Gunnari og var Hallbjörn hvíti fremstur. Gunnar bað hann að víkja en Hallbjörn neitaði og lagði til Gunnars með spjóti. Gunnar hjó þá höndina af honum.

Skammkell hljóp aftan að Gunnari og hjó til hans með öxi. Gunnar snerist skjótt að honum með atgeirinn og sló öxina úr höndum hans og út í Rangá. Gunnar lagði atgeirnum aftur og í gegnum Skammkel og hóf hann upp og kastaði honum á höfuðið í götuna.

Otkell hjó með sverði til Gunnars og stefndi á fótinn fyrir neðan hné. Gunnar stökk upp svo að Otkell hitti ekki. Síðan lagði hann atgeirnum til hans og í gegnum hann. Þá kemur Kolskeggur að bardaganum og hleypur að Hallkatli og heggur hann banahögg. Þar veða þeir þá átta.

Gunnar reið til Bergþórshvols og sagði Njáli frá bardaganum. „Hvernig mun þetta fara?“ spurði hann.

„Þú munt ríða til þings og njóta ráða minna og fá af þessu máli hina mestu sæmd, en þetta verður upphaf vígaferla þinna,“ svarar Njáll.



Gunnar bað hann að gefa sér ráð.

Njáll varaði hann þá við að drepa aftur mann úr sömu fjölskyldu: „Þú skalt aldrei vega aftur í sama knérunn og aldrei rjúfa sætt sem góðir menn gera milli þín og annarra.“

Geir goði tók að sér að stefna Gunnari vegna víganna við Rangá. Málatalbúnaðurinn spurðist um öll héruð og bjuggust menn við róstumiklu þingi. Gunnar var vinsæll og fjölmenntu menn með honum til þings. Að ráði góðra manna var samið um málið og gáfu vinir Gunnars fé til að hann gæti bætt öll vígin þegar í stað. Geir goði og Gissur hvíti veittu Gunnari tryggðir og skildu þeir sáttir. Reið Gunnar

síðan heim af þingi og þakkaði mönnum liðveisluna.
Fékk hann hina mestu sæmd af málinu.

Situr Gunnar nú heima í sæmd sinni.



Starkaður hét maður og bjó undir Þríhyrningi.
Hann átti þrjá syni sem allir þóttu ofsamenn í skapi.
Þorgeir hét sá elsti. Í Sandgili bjuggu einnig þrír
bræður og var Kolar þeirra elstur. Þeir voru frændur
Þríhyrningsbræðra og hinir mestu ójafnaðarmenn.
Mikil vinátta var með þeim frændum.

Starkaður átti góðan hest, rauðan að lit, og töldu
synir hans og frændur engan eiga þvílíkan hest. Þeir
riðu til Hlíðarenda og mönuðu Gunnar í hestaat og
lét hann til leiðast.

Mikið fjölmenni var við hestaatið. Hestarnir
hlupu hvor á annan og bitust lengi á og var það
hið mesta gaman. Þorgeir og Kolar ákváðu þá að
hrinda hesti Starcaðar á hest Gunnars og gá hvort
hann félli. Gunnar hrinti sínum hesti á móti og
féllu frændurnir á bak aftur og hesturinn ofan á þá.
Þeir spruttu skjótt á fætur og hlupu að Gunnari en
Gunnar varpaði sér undan og þreif Kol og kastaði
honum á völlinn svo að hann rotaðist. Þorgeir
barði þá hest Gunnars svo að annað augað hljóp út.



Gunnar laust Þorgeir þá með staf og féll hann í óvit.

Þorgeir komst á fætur og vildi ráðast á Gunnar en var stöðvaður. Njáll mælti að þeir skyldu sættast og setja grið. Þorgeir kvaðst heldur vilja Gunnar dauðan fyrir höggið en þó kom ekki til frekari átaka. Riðu menn heim og var kyrrt fram á næsta sumar.

Frændurnir héldu uppi njósnum um Gunnar og biðu eftir að geta ráðist á hann. Um mitt sumarið fréttu þeir að Gunnar og bræður hans, Kolskeggur og Hjörtur, væru einir á ferð. Þeir söfnuðu þrjátíu manna liði og gerðu þeim fyrirsát við Knafahóla hjá Rangá. Bardaginn varð hinn harðasti og varði

Gunnar þá með boganum meðan hann mátti. Síðan kastaði hann niður boganum, tók atgeirinn og sverðið og vó með báðum höndum. Gunnar og Kolskeggur vógu fjórtán menn en Hjörtur lét þar lífið. Lið frændanna lagði loks á flóttu og voru margir þá sárir.

Gunnar reiddi Hjört heim á skildi sínum og var hann þar heygður. Hann reið síðan til Bergþórshvols og sagði Njáli hvað gerst hafði. Hann sagðist hafa ratað í mikil vandræði og drepið marga menn. „Margir munu segja að þú hafir verið til neyddur,“ sagði Njáll og lagði á ráðin um hvernig reka mætti málið á Alþingi.

Þorgeir Starkaðarson greiddi Merði Valgarðssyni fyrir að annast vígsmál gegn Gunnari. Bæði Þorgeir og Gunnar fjölmenntu nú til þings. Sættir náðust þó um síðir og voru bætur reiknaðar fyrir hina föllnu sem Gunnar skyldi greiða en bætur fyrir víg Hjartar dregnar frá. Gunnar átti marga vini sem lögðu honum til fé og gat hann því greitt bæturnar á þinginu. Gunnar gaf mörgum höfðingjum sem höfðu liðsinnt honum gjafir og hafði hina mestu sæmd af málinu. Voru allir sammála um að enginn væri hans jafningi í Sunnlendingafjórðungi.

Gunnar reið heim af þingi og situr nú um kyrrt. En þó öfunduðu andstæðingar hans hann mjög af sæmd hans.



Þorgeir Starkaðarson leitaði á ný til Marðar Valgarðssonar. Mörður ráðlagði honum nú að fá Þorgeir son Otkels í Kirkjubæ í lið með sér þar sem Gunnar hefði vegið föður hans.

„Njáll hefur spáð fyrir um ævi Gunnars,“ sagði Mörður. „Ef hann vegur annan mann úr sömu fjölskyldu mun það verða honum að bana. Þegar þið farið saman gegn Gunnari skalt þú hlífa þér en Þorgeir Otkelsson mun ganga vel fram og mun Gunnar vega hann.“

Þorgeir Otkelsson var mikill og sterkur, tryggur en nokkuð talhlýðinn, það er hann lét auðveldlega tala sig til. Hann var bæði vinsæll og vel liðinn. Þorgeir Starkaðarson heimsótti nafna sinn, vingaðist við hann með gjöfum og sannfærði hann um að ráðast með sér á Gunnar. Þeir sættu færir þegar Gunnar var einn heima og riðu með mikið lið í átt að Hlíðarenda. Njáll frétti af ferðum þeirra og náði að koma í veg fyrir bardaga. Á næsta þingi voru þeir



nafnar dæmdir fyrir fjörráð við Gunnar og urðu að greiða mikla sekt en voru þó sáttir að nafninu til.

Að þinginu loknu reið Gunnar vestur í Hjarðarholt í Dölum og heimsótti Ólaf pá, hálfbróður Hallgerðar. Ólafur gaf Gunnari gullhring að skilnaði og skikkju sem afi hans, Mýrkjartan Írakonungur hafði átt. Hann gaf honum einnig hund sem hét Sámur og mælti: „Hundurinn hefur mannsvit. Hann mun gelta að hverjum manni sem hann veit að er óvinur þinn en aldrei að vinum þínum.“

Ólafur bað Gunnar vera varan um sig og kvað hann eiga marga öfundarmenn, þar sem hann þætti nú ágætastur maður um allt land.



Mörður spann nú nýja ráðagerð fyrir Þorgeir Starkaðarson. Enn sem fyrr skyldu þeir nafnar ráðast saman á Gunnar en þó ekki að Hlíðarenda því það væri ekki hægt meðan hundurinn lifði. Eitt sinn varð Mörður var við að Gunnar reið frá Hlíðarenda að vitja um húskarla sína og var Kolskeggur með honum. Mörður lét þegar í stað

segja Þorgeiri Starkaðarsyni frá ferðum þeirra. Þeir Þorgeirar riðu þá tólf frá hvorum bæ og sátu fyrir bræðrunum við Rangá.

Gunnar og Kolskeggur komu auga á fyrirsátina og bjuggu sig undir bardaga. Hinir sjá það og snúa þegar að þeim. Gunnar mundar bogann og skýtur um leið og þeir koma í skotfæri og særir mjög marga menn en drepur suma. Síðan kastar hann frá sér boganum og grípur til sverðsins og atgeirsins. Gerðist nú bardagi mikill og harður og hjó Gunnar með annarri hendi en stakk með hinn. Kolskeggur vó einnig nokkra menn en særði marga.



Þorgeir Otkelsson hleypur að Gunnari af mikilli reiði og leggur spjóti í gegnum skjöldinn og í gegnum höndina á honum. Gunnar snýst skjótt að honum og rekur í gegnum hann atgeirinn og bregður honum á loft og keyrir hann út á Rangá. Gunnar rekur hann ofan á vaðið og festir þar á steini einum og heitir þar síðan Þorgeirsvað.

Þorgeir Starkaðarson skipaði þá liði sínu að flýja og sneru þeir allir á braut. Þessi tíðindi spyrjast víða. Gunnar og Njáll fundust og ræddu um bardagann. Njáll mælti til Gunnars: „Vertu nú var um þig. Nú hefur þú vegið tvisvar í sama knérunn. Líf þitt liggur við að rjúfa ekki sættina sem gerð verður.“

Gunnar kvaðst ekki ætla að bregðast og sagðist þurfa liðsinni Njáls á þingi. Njáll lofaði honum þá trúnaði sínum til dauðadags.

Menn ríða nú til þings og eru báðir flokkar fjölmennir. Fyrir tilstilli Njáls var sæst á málið og var Gunnar dæmdur til að greiða bætur en þeir Kolskeggur báðir dæmdir til að fara utan. Skyldu þeir sigla af landi brott og vera í burtu þrjá vetur; ef Gunnar færi ekki utan mættu frændur Þorgeirs drepa hann. Gunnar lét ekki á sér finna að honum

þætti sættin slæm og greiddi bæturnar þegar í stað.

Njáll mælti til Gunnars: „Haltu sætt þessa og mundu hvað við höfum rætt. Hin fyrri utanferð varð þér til mikillar sæmdar en þessi mun verða þér til miklu meiri sæmdar. Þú munt koma heim með mikilli virðingu og verða gamall maður og mun enginn standa þér á sporði. En ef þú ferð ekki utan og rýfur sætt þína þá verður þú drepinn hér á landi og finnst vinum þínum það illt að vita.“

Gunnar kvaðst ekki ætla að rjúfa sættir. Hann ríður nú heim og segir sættina.

Gunnar lét flytja farangur þeirra Kolskeggs til skips. Hann reið síðan til Bergþórshvols og á aðra bæi að þakka vinum sínum liðveisluna. Gunnar kvaddi heimafólk sitt og gengu menn út með honum. Þeir Kolskeggur riðu á braut og fram að Markarfljóti. Þá hrasaði hestur Gunnars og stökk hann af baki.

Gunnari varð litið upp til hlíðarinnar og bæjarins að Hlíðarenda og mælti: „Fögur er hlíðin svo að mér hefir hún aldrei jafnfögur sýnst, bleikir akrar en slegin tún, og mun ég ríða heim aftur og fara hvergi.“

Kolskeggur bað hann að minnast varnaðarorða Njáls.



„Ég ætla ekki að fara,“ endurtekur Gunnar, „og ég vildi að þú færir ekki heldur.“

Kolskeggur kvaðst ætla að halda sættina. Hann bað Gunnar að segja móður þeirra og frændum að hann myndi aldrei koma til baka. „Því ég mun fréttu að þú sért látinn og langar mig þá ekki til Íslands.“ Skilur þar með þeim. Ríður Gunnar heim til Hlíðarenda en Kolskeggur ríður til skips.

Hallgerður fagnaði Gunnari er hann kom heim en móðir hans sagði fátt. Gunnar situr nú heima þetta haust og veturinn og hafði ekki margt manna hjá sér. Synir þeirra Hallgerðar, Högni og Grani,

voru þá ungir menn. Þeir voru afar ólíkir í skapi. Grani hafði mikið af skaplyndi móður sinnar en Högni var vasklegur og vel að sér.

Líður nú vetur úr garði.

Um sumarið lýstu Gissur og Geir sekt Gunnars að Lögbergi. Gissur stefndi síðan öllum óvinum hans í Almannagjá, um fjórum tugum manna, og tókust þeir í hendur um að drepa hann. Njáll varaði Gunnar við og bauð að synir sínir tveir dveldu hjá honum en Gunnar vildi engan liðsauka þiggja.

Um haustið hafði Mörður Valgarðsson fregnir af því að Gunnar væri einn heima ásamt Hallgerði og Rannveigu móður sinni. Hann sendi boð til Gissurar og Geirs sem söfnuðu liði sínu saman. Að ráði Marðar tóku þeir nágranna Gunnars og þindu hann til að sækja Sám. Þegar hundurinn sá óvini Gunnars ærðist hann en þeir hjuggu hann þá með öxi í höfuðið. Hundurinn gelti við það hátt og féll dauður niður.

Gunnar vaknaði inni í bænum og mælti: „Sárt ert þú leikinn Sámur fóstri og viðbúið er að stutt verði á milli okkar.“

Gissur sendi mann heim að bænum til að kanna hvort Gunnar væri inni. Gunnar sér að

rauðan kyrtil ber við gluggann og rekur atgeirinn út og í manninn miðjan. Maðurinn hrasar við það en gengur síðan til baka til Gissurar þar sem þeir sátu allir og biðu.

„Er Gunnar heima?“ spurði Gissur.

„Það vitið þið en hitt vissi ég að atgeir hans var heima,“ svaraði maðurinn og féll dauður niður.

Þeir sóttu þá heim að húsunum. Gunnar skaut út örvum að þeim og varðist vel. Þá stukku sumir upp á húsin og ætluðu að sækja að honum þaðan en Gunnar skaut að þeim örvum og gátu þeir ekkert gert og fór svo fram um hríð. Þeir tóku hvíld og sóttu að í annað sinn. Gunnar skaut enn út örvunum og gátu þeir enn ekkert gert og hrukku frá í annað sinn. Gissur hvíti hvatti liðið til að sækja betur og gerðu þeir þá hina þriðju hríð og voru lengi að. Eftir það hrukku þeir frá.

Mörður mælti: „Brennum hann inni.“

„Það skal aldrei verða,“ segir Gissur, „þó að ég viti að líf mitt liggi við.“

Mörður lagði þá til að þeir sneru rjáfrið af skálanum og fann Gunnar ekki fyrr en þeir höfðu undið allt þakið af. Gunnar skýtur þá af boganum svo að þeir komast aldrei að honum. Í sama bili hleypur einn þeirra upp á þekjuna og heggur





bogastreng Gunnars. Gunnar þrífur atgeirinn báðum höndum og snýst skjótt að honum og rekur í gegnum hann og kastar honum dauðum á völlinn. Þá hljóp bróðir hans upp á vegginn en Gunnar lagði til hans með atgeirnum gegnum skjöldinn og féll hann þá niður. Áður hafði Gunnar sært átta menn en vegið þá tvo. Hann hafði sjálfur fengið tvö sár en lét þó sem ekkert væri.

Gunnar mælti til Hallgerðar: „Fáðu mér tvo lokka úr hári þínu og snúið þið móðir mín þá saman í bogastreng handa mér.“

„Liggur þér nokkuð við?“ segir hún.

„Líf mitt liggur við,“ segir hann, „því að þeir munu aldrei komast að mér meðan ég kem boganum við.“

„Þá skal ég nú,“ segir hún, „muna þér kinnhestinn og hirði ég aldrei hvort þú verð þig lengur eða skemur.“

„Hefur hver til síns ágætis nokkuð,“ segir Gunnar, „og skal ég ekki biðja þig lengi.“

Rannveig mælti til Hallgerðar: „Illa fer þér og mun skömm þín lengi uppi.“

Gunnar varði sig vel og frækilega og særir nú aðra átta menn svo stórum sárum að mörgum lá

við bana. Gunnar ver sig þar til hann féll af mæði. Þeir særðu hann þá mörgum stórum sárum en þó komst hann úr höndum þeim og varði sig þá enn lengi en þó kom þar að þeir drápu hann.

Gissur mælti: „Mikla hetju höfum við lagt að velli og mun vörn hans uppi meðan landið er byggt.“

Víg Gunnars mæltist illa fyrir um allar sveitir og var hann mörgum mönnum harmdauði.



Gunnar var heygður en Rannveig móðir hans vildi ekki að atgeirinn færi í hauginn, hún vildi hefnd. En enginn vildi taka á atgeirnum og hefna Gunnars. Ekki var heldur hægt að sækja neinn til saka fyrir vígið því Gunnar var sekur maður sem ekki hafði hlítt útlegðardómi. Á endanum kallaði Gunnar sjálfur eftir hefnd með því að kveða vísu úr haugnum. Þá greip Högni atgeirinn og söng í honum hátt.

Högni og Skarphéðinn Njálsson hefndu Gunnars í sameiningu. Þeir drápu fjóra af banamönnum hans, þar á meðal Þorgeir Starkaðarson og föður hans. Mörður bað sér þá gríða og bauð alsætti. Með aðstoð Njáls var sæst við alla eftirlifandi ársarmenn Gunnars og greiddi Mörður bæturnar fyrir þá alla.

En það er að segja frá Hallgerði að Rannveig kenndi henni um fall Gunnars og gekk næstum af henni dauðri. Hallgerður flutti því frá Hlíðarenda til Þorgerðar dóttur sinnar og Þráins Sigfússonar á Grjótá. Grani fór með móður sinni og blandaðist inn í deilur Þráins við Njálssyni, eins og sagt er frá í síðari hluta Brennu-Njáls sögu. Högni bróðir hans tók hins vegar við Hlíðarenda og hélt venskap við Njál og syni hans til æviloka.



MEIRA UM SÖGUNA

Brennu-Njáls saga, eða Njála, er ein af Íslendingasögnum en svo kallast þekktustu fornþókmenntir Íslendinga. Njála er einna lengst og flóknust af þessum fornu sögum og engin leið er að gera henni skil í stuttu hefti. Hér er farin sú leið að skipta sögunni í tvær þækur og eru báðir hlutar þó rækilega styttnir. Auðvelt er að nálgast Njálu í heild á bókasafninu, í bókabúðinni og á netinu. Njála er líka til í skólalokaútgáfu með skýringum og í barnaútgáfu, myndskreyttri endursögn með aukaefni.

Það sem upp á vantar

Þegar löng saga er stytt svona mikið er margt sem verður út undan. Velja þurfti mikilvæga atburði sem gefa góða tilfinningu fyrir sögunni en hafna mörgum spennandi atburðum og persónum. Endurteknir atburðir hafa verið felldir saman og samtöl einfölduð þó að þekkt tilsvör hafi fengið að halda sér. Bardagalýsingar hafa verið styttnar sem og lýsingar á málaferlum. Molarnir hér á eftir fylla upp í myndina að nokkru leyti en ekkert kemur þó í staðinn fyrir að lesa heildarverkið frá upphafi til enda.

- Njáll gefur Gunnari ráð þegar hann ætlar að endurheimta fé Unnar af Hrúti. Njáll lætur hann dulbúa sig sem skapvondan kaupmann og kalla sig Kaupa-Héðin og narra Hrút til að stefna sér sjálfur í málinu.

- Hallgerður bjargar lífi Þjóstólfs eftir víg Þorvaldar með því að senda hann til Svans frænda síns á Svanshóli, göldróttis karls sem síðar hverfur inn í fjallið Kaldbakshorn.
- Gunnar slær í gegn hjá Danakonungi sem lætur hann keppa við menn sína í alls konar íþróttum til skemmtunar, hann sigrar alltaf. Konungurinn vill að hann setjist að í Danmörku.
- Gunnar slær næst í gegn hjá Noregskonungi og verður hrifinn af frænku hans – konungurinn myndi gifta honum hana ef hann bæði hennar. Sögurnar af aðdáun konunga á Gunnari eiga að sýna hversu virtur og merkilegur maður hann er.
- Njáll varar Gunnar við að fara til þings eftir að hann kemur að utan. Ef hann hefði gegnt Njáli hefði hann ekki kynnst Hallgerði.
- Bæði Njáll og Hrutur spá því að illa muni fara ef Hallgerður og Gunnar giftist.
- Bergþóra bendir Njáli á að það standi honum nær að gefa Gunnari mat og hey þegar hann skortir hvort tveggja, og Njáll gerir það. Hallgerður lætur samt stela mat.

- Orð Gunnars „Illt er ef ég er þjófsnautur“ merkja það er slæmt að ég sé að hylma yfir með þjófi / að borða stolinn mat.

BAKGRUNNUR

Íslendingasögurnar gerast á fyrstu öldum Íslandsbyggðar eða á 9.–11. öld (víkingaöld) en þær voru skrifaðar á skinn á 13.–14. öld. Enginn veit hver skrifaði þessar sögur og við vitum ekki hver skrifaði Njálu. Við vitum bara að það var flinkur höfundur sem tvinnaði saman gamlar sögur og gerði úr þeim heildstætt verk. Svo snilldarlega er sagan spunnin að lengi vel leit fólk á hana sem sanna sögu.

Í stuttu máli sagt fjalla Íslendingasögurnar um deilur milli venjulegra (en oftast ríkra) bænda sem enda með bardögum. Bændurnir eiga vopn og verja sig og sína fjölskyldu sjálfir því ekkert yfirvald er til staðar og engin lögregla sem getur gripið inn í. Sæmdin (það er heiður eða virðing) skiptir menn miklu máli. Sæmd manna veltur á því að þeir kunni að sættast – eða hefna sín ef eitthvað er gert á þeirra hlut. Í Njálu er talað um að einhver sitji í sæmd sinni þegar hann hefur náð að auka virðingu sína svo að aðrir dást að.

Á sögutíma Njálu er landnáminu lokið og hið unga samfélag á Íslandi hefur þróast heilmikið, búið er að

stofna Alþingi (930) og þar reyna menn að gera út um flest mál. Njála sýnir hversu mikils virði það var að ljúka hverju deilumáli með formlegum sáttum, það er greiðslu bóta, svo að þeir sem urðu fyrir skaðanum héldu líka sæmd sinni. En bætur dugðu ekki alltaf til og ekki var hægt að dæma menn í fangelsi – þau voru ekki til.

Refsingar voru oftast ein af þrennu:

- útleið: fésekt, það að leggja út fé
- fjörbaugsgarður: brottvísun úr landi í þrjú ár
- sekt (skóggangur): ævilöng útskúfun úr samfélaginu.

Ef útlagar fóru ekki af landi brott mátti drepa þá.

VILTU LESA MEIRA?

- Síðari hluti Brennu-Njáls sögu hefur einnig verið gefinn út í þessum flokki. Þar er fylgst með sonum Njáls og átökum þeirra sem leiða til Njálsbrennu, eins voðalegasta atburðar Íslendingasagnanna.
- Ef þig langar að lesa fleiri Íslendingasögur er sniðugt að prófa Laxdælu. Þar koma við sögu Höskuldur Dala-Kollsson, faðir Hallgerðar, og bróðir hennar, Ólafur þá sem gaf Gunnari hundinn Sám.
- Þú getur fundið ýmsar upplýsingar um Íslendingasögurnar og víkingatímann á þessum vef: www.islendingasogur.is

Pælingar

Höfundur notar drauma og forspár (spádóma) til að halda lesendum spenntum. Oft tengjast forspár ráðleggingum og þá fer illa ef ekki er farið eftir þeim. Hvernig rætast þessar spár?

- Hrútur um Hallgerði: „En ekki veit ég hvaðan þjófsaugu eru komin í ættir vorar.“

- Njáll um Hallgerði: „Af henni mun standa allt hið illa er hún kemur austur hingað.“

- Njáll við Gunnar: „Þú skalt aldrei vega aftur í sama knérunn og aldrei rjúfa sætt sem góðir menn gera milli þín og annarra.“

Hugsaðu um hjónaband Hallgerðar og Þorvaldar; Unnar og Hrúts og Þorgerðar og Þráins Sigfússonar. Hvernig voru þessi hjónabönd ákveðin? Hvað segir þetta um stöðu kvenna eða stúlkna á þessum tíma?

- Hugsaðu nú um næstu hjónabönd Hallgerðar. Af hverju fær hún núna að ráða? Hverju breytir það?

Spakmælin hrynja af vörum Njáls en skyldu þau halda gildi sínu? Hugsaðu um merkingu þessara spakmæla og hvort þau hafi einhverja þýðingu nú til dags.

- „Með lögum skal land vort byggja en eigi með ólögum eyða.“










- „Og fer svo um mörg mál að jafnan orkar tvímælis þó að hefnt sé.“

Húskarlavígin í Njálu eru mjög þekkt. Við hvaða víg heldur þú að sé átt?

- Hvaða lærdóm má draga af húskarlavígunum um sæmd, hefnd og sættir á sögutímanum?
- Er viðhorf kvennanna sem í hlut eiga á einhvern hátt ólíkt viðhorfi karlanna?

Hvaða atburður í sögunni finnst þér vera ótrúlegasta dæmið um hefndarhugsun?

SÍGILDAR SÖGUR



BRENNU-NJÁLS SAGA

Njála er án efa vinsælasta og þekktasta Íslendingasagan. Persónur hennar eru litríkar og stórhuga og atburðarásin spennandi og dramatísk. Í þessum fyrri hluta sögunnar eru Hallgerður langbrók og Gunnar á Hlíðarenda í aðalhlutverkum. Hér koma þjófsaugu, kinnhestur, slitinn bogstrengur og hárlökkur við sögu í einum eftirminnilegasta bardaga Íslendingasagnanna.

